

Með samþykkt þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Hvammstanga, sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Laugarbakki.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Húnaþings vestra, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Laugarbakka:

Umferð um Miðfjarðarveg njóti forgangs á allar aðliggjandi götur og stíga.

Stöður vöruflutningabíreiða eru bannaðar í íbúðahverfum nema til losunar og lestunar.

Hámarkshraði ökutækja á Laugarbakka er 50 km.

Með samþykkt þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Laugarbakka, sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Reykjatangí við Hrútafjörð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Húnaþings vestra, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Reykjatanga við Hrútafjörð:

Umferð um Reykjaskólaveg víki fyrir umferð á þjóðvegi en njóti forgangs gagnvart aðliggjandi götum.

Hámarkshraði umferðar á Reykjatanga er 50 km.

Með samþykkt þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Laugarbakka, sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Blönduósi, 15. júlí 2002.

F.h. sýslumannsins á Blönduósi,

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson ftr.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er öðlast gildi við birtingu.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 87 frá 1. janúar 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Gjaldskrá raforkutaxta hækkar um 3% frá 1. ágúst 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.

Porgeir Örlygsson.

Katrín Jóhannsdóttir.